

AUGLÝSING

um deiliskipulag íbúða-, verslunar- og þjónustusvæðis í landi Brekku í Aðaldal, Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti á fundi sínum þann 7. febrúar 2013 deiliskipulag íbúða-, verslunar- og þjónustusvæðis í landi Brekku í Aðaldal.

Um er að ræða svæði sem skilgreind eru í greinargerð með aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2011, annars vegar svæði *V-04: Ferðaþjónusta við Brekku*, 10,0 ha svæði sem skilgreint er sem verslunar- og þjónustusvæði og hins vegar svæði *Íb.-01: Íbúðasvæði í dreifbýli* u.þ.b. 6,4 ha að stærð með 14 íbúðarhúsalóðum.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

Þingeyjarsveit, 12. febrúar 2013.

Bjarni Reykjafinn skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 26. febrúar 2013